



Málningarhreinsir

Vörunr. 6208

Lýsing

Málningarhreinsir (6208) er fljótandi og sterkt alkalískt hreinsiefni ætlað til notkunar fyrir málun, bæði innan- og utanhúss. Hreinsiefnin í efninu brotna auðveldlega niður í náttúrunni án skaðlegra niðurbrotsefna.

Notkun

Málningarhreinsir (6208) er notaður m.a. til þess að fjarlægja olíu, fitu, sót, eggjahvítu, sterkju, óhreinindi af völdum reyks og önnur óhreinindi fyrir málun. Hægt er að nota Málningarhreinsi sem alhliða hreinsikvoðu við freyðihreinsun. Efnið hentar ekki til hreinsunar á ómáluðu áli, léttmálmum eða galvanhúðuðu járn, s.s bárujárn. Til hreinsunar á slíkum yfirborðum skal nota Hempels olíuhreinsi (9933).

Tæknilegar upplýsingar

Litir: Glært	Þynnir: Vatn
Pakkningar: 1, 5 og 20 lítra	Áhaldahreinsir: Vatn
Eðlisþyngd: 1,1 kg/l	

Áhöld

Pensill, svampur eða sprauta.

Vinnutilhögun

Blandið einum hluti af **Málningarhreinsi** (6208) með 1 til 20 hlutum af volgu vatni allt eftir gerð óhreininda. Þegar þrifa á mjög óhreina fleti eða olíur er ráðlegt að þynna efnið með 1 til 5 hlutum af volgu vatni. Berið **Málningarhreinsi** (6208) á og látið virka á í u.þ.b. 5 til 10 mínútur áður en það er skolað vandlega af með vatni. Gott er fara yfir flötinn með bursta meðan efnið liggur á honum. Skiptið oft um skolvatn ef með þarf. Utanhúss er hægt að nota vatnsslöngu. Hreinsið allar leifar af hreinsiefninu af fletinum eftir þvott. Ef hvít slika myndast á yfirborðinu skal nota heitt vatn við að fjarlægja hana.

Athugasemdir

- Sýrustig er um pH 12 í um 10 % upplausn.
- Notið gúmmí- eða plasthanska þegar unnið er með **Málningarhreinsi**.
- Mjög mikilvægt er að skola vel með hreinu vatni og fjarlægja allar leifar af þvottaefninu fyrir málun. Flöturinn skal þorna áður en málað er yfir.
- Notið ílát úr plasti þegar unnið er með efninu og notið ekki ílát úr áli.
- Sé flöturinn gljáandi eftir meðferðina kann að vera nauðsynlegt að mattslípa hann með fínum sandpappír áður en málað er yfir.
- Efnið má ekki frjósa.

Varúðarmerkingar

Nauðsynlegt er að lesa og fara eftir notkunar- og öryggisleiðbeiningum. Ávallt skal varast innöndun lífrænna leysiefna og málningarúða. Mjög áriðandi er að hafa góða loftræstingu við meðhöndlun málninga sem þynntar eru með lífrænum leysiefnum. Þegar málningu er sprautað skal nota andlitsgrímur og nauðsynlegan hlífðarfatnað.

Inniheldur natriummetasilíkat.

Ertir augu og húð. Berist efnið í augu skal strax skola vandlega með miklu vatni og leita læknis. Notið viðeigandi hlífðarhanska og hlífðargleraugu/andlitsgrímu.

Geymist þar sem börn ná ekki til.